

Laxar Fiskeldi ehf.
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 30. mars 2021
UST202002-042/H.S.J.
08.12.02

Efni: Umsýslueftirlit þann 31.12.2020, hjá Laxar Fiskeldi ehf. Reyðarfjörður

Þann 31. desember sl. fór fram umsýslueftirlit í fiskeldi Laxa Fiskeldis ehf., Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en þrjú frávík komu fram er varða:

1. gr. 3.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirlit vegna ársins 2019 barst 10.6.20. **Frávikinu telst lokið.**
2. gr. 3.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila grænubókhaldi fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Grænt bókhald ársins 2019 barst 11.6.20. **Frávikinu telst lokið.**
3. gr. 3.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Útstreymisbókhald ársins 2019 barst 11.6.20. **Frávikinu telst lokið.**

Í reglubundnu eftirliti stofnunarinnar dags. 26. september 2019 var einnig skráð frávík frá ákvæði í gr. 3.3 í starfsleyfi, er varðar skýrsluskil til eftirlitsaðila. Ársyfirlit vegna ársins 2018 hafði ekki borist þegar eftirlitið fór fram. Umhverfisstofnun bárust umbeðin gögn 10.6.20.

Öllum þeim gögnum er vörðuðu framangreind frávík hefur verið skilað. Því telst öllum fjórum frávikunum lokið og engra frekari úrbóta krafist.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur